

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1254/2009

2011/EES/5/26

frá 18. desember 2009

um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjnum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðmiðanirnar skulu settar til þess að gera aðildarríkjum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli (staðbundins) áhættumats. Slíkar annars konar ráðstafanir skulu vera réttlætunarlegar af ástæðum sem varða stærð loftfarsins eða af ástæðum sem varða eðli, umfang eða tíðni starfrækslunnar eða annarrar viðeigandi starfsemi. Þar af leiðandi skulu viðmiðanir sem verða settar einnig vera réttlætunarlegar af þessum ástæðum.
- 2) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal viðaukinn við fyrrnefnda reglugerð gilda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum en eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Beitingu viðmiðananna, sem samþykktar eru skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal því seinkað þar til framkvæmdareglurnar verða samþykktar, skv. 3. mgr. 4. gr., en eigi síðar en 29. apríl 2010.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjnum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjnum er heimilt að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli (staðbundins) áhættumats á flugvöllum eða afmörkuðum svæðum flugvallar þar sem umferð takmarkast við einn eða fleiri eftirfarandi flokka:

1. loftför með hámarksflugtaks massa undir 15 000 kg,
2. þyrlur,
3. löggæsluflug,
4. flug til að kæfa og slökkva eld,
5. sjúkraflug, neyðarflug eða björgunarflug,
6. flug vegna rannsóknar og þróunarstarfa,
7. flug fyrir verkflugstarfsemi
8. flug í hjálpar- og mannúðarskyni
9. flug starfrækt af flugrekendum, framleiðendum loftfara eða viðhaldsfyrirtækjum, þar sem hvorki farþegar eða farangur né farmur eða póstur eru flutt.
10. flug loftfara með hámarksflugtaks massa undir 45 500 kg til flutninga á eigin starfsfólki og farþegum sem ekki greiða fargjald eða á vörum, sem eru liður í starfsemi fyrirtækis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 300/2008, en eigi síðar en 29. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 15.

(¹) Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.